

Skýrsla stjórnar hverfisráðs Hríseyjar fyrir árið 2014.

Í hverfisráðinu sátu Ingimar Ragnarsson formaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir ritari og Anton Steinarsson. Haldnir voru 13 fundir frá síðasta aðalfundi.

Hjúkrunarfræðingur kemur til Hríseyjar einu sinni í mánuði og er með aðstöðu í Hlein. Sjúkrabíll kom til Hríseyjar í haust og í framhaldi að því fóru 10 manns á námskeið hjá Sjúkraflutningaskólanum og gekk það mjög vel og verður hópurinn útskrifaður 5. júní n.k. Heilsugæslan á Dalvík mun síðan útvega það sem til þarf í bílinn og er þegar búið að senda einhvern búnað í hann. Stefnt er að því að taka bílinn formlega í notkun í vor þegar nemendur Sjúkraflutningaskólans verða útskrifaðir. Þess má geta að búið er að fá 500.000 kr. styrk til sjúkraflutninga.

Vegagerðin er búin að samþykkja að koma upp húsnæði á Árskógssandi þar verður hægt að bíða eftir ferju og geyma pakka og farangur auk þess er fyrirhugað að koma upp salerni þar. Dalvíkurbyggð kemur að þessu verkefni sem eigandi hafnarinnar og búið er að komast að samkomulagi um staðsetningu. Komnar eru tröppur upp bakkann frá bílastæðum að bílaskemmum.

Akureyrarbær hefur undanfarin ár úthlutað fjármagni til hverfisráðsins og meðal þess sem hefur verið gert er að gróðursetja tré á hátíðarsvæðinu, sett upp grill á svæðinu og á síðasta ári var settur upp níu holu Frisbígolfvöllur. Í ár verður settur upp ærslabelgur á hátíðarsvæðið og mun peningur frá Ferðamálafélaginu sem safnast hefur á Haustfögnuðum undanfarin ár verður notaður líka.

Hreinsunardagur var í maí og var vel mætt þar að vanda, eftir er að finna dagsetningu á hreinsunardaginn í ár.

Síðasta sumar voru þeir Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen ráðnir í að telja og merkja fugla í Hrísey þeir skiluðu fínni skýrslu eftir verkefnið sem hægt er að skoða á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey.

Ýmsar hugmyndir hafa verið viðraðar varðandi atvinnumál og ýmislegt skoðað í þeim efnum en ekkert komið út úr þeim ennþá. Vonandi verður hægt að vinna markvissara að þessum málum þegar verkefnið Brothættar byggðir er komið á laggirnar.

Netsamband hefur eins og mörg undanfarin ár verið mikið til umræðu og alveg ljóst að ekki er hægt að sætta sig við það öllu lengur. Netsamband hefur verið mjög óstöðugt og stundum dottið alveg út og hefur þetta valdið miklum truflunum hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum í eyjunni t.d. úthringiverinu, Hríseyjarskóla og skrifstofu bæjarins. Svörin sem fást hjá Mílu eru þau að ekkert sé að þessari tengingu.

Ingimar Ragnarsson.

Anton Steinarsson.

Ingibjörg Guðmundsdóttir.